



Kennarar:	Renata Lis Ægir Sigurðsson rli@fsu.is aegirsig@fsu.is	RL ÆS
------------------	--	------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er unnið með algebru og föll. Nemendur læra að teikna í hnitakerfi beinnar línum og fleygboga. Unnið er með veldi og rætur, ójöfnur, ójöfnuhneppi, rótarjöfnur, algildisjöfnur, annars stigs jöfnur og dulbúnar annars stigs jöfnur. Kynntar eru margliður af hærra stigi, lausnir þeirra og margliðudeiling.

Undanfari: STÆR2AR05 eða STÆR1AJ05 OG STÆR2RU05

Pekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- deilanleika út frá frumpáttun og tilvist rauntalna
- algengum reiknireglum og algebrubrotum
- fyrsta og annars stigs jöfnum og ójöfnum
- hnitareikningi m.a. jöfnu beinnar línu og fleygboga
- mengjum og mengjarithætti

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- frumpáttta og deila margliðum
- nota algengar reiknireglur og nota veldareglur
- leysa annars stigs jöfnur
- einfalda og reikna algebrubrot
- nota hnitakerfið og teikna föll

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla henni í mæltu og rituðu máli og skrá lausnir skipulega
- beita skipulegum aðferðum og skapandi hugsun við lausnir
- klæða verkefni í stærðfræðilegan búning, leysa þau og túlka lausnirnar
- hagnýta stærðfræðilega þekkingu

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

STÆ 225 – eftir Jón Þorvarðarson, útg. STÆ ehf, Reykjavík 2015.

Ýmis ljósrit frá kennara.

Formúlublað frá kennara.

Vasareiknir.

Próf/verkefnaskil

Áfanganum verður skipt upp í 3 lotur. Lögð verða fyrir tíma/heimaverkefni í hverri lotu og lotupróf, **alls 3 lotupróf** í lok hvernar lotu á önninni. Öllum nemendum ber að taka öll lotuprófin og skila öllum verkefnum tímanlega. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda-forfallapróf sem fyrst skv. samkomulagi við kennara eða í síðustu kennsluvikunni.

Námsmat:

Námsmati hverrar lotu (alls 3 lotur) er skipt þannig:

Vægi lotuprófs.....	70%
Vægi verkefna.....	30%

Vægi lokaprófs er 70% á móti 30% vægi vetrareinkunnar (meðaleinkunnin í lotunum)

Miðannarmatið er ekki hluti af lokaеinkunn áfangans.

Nemandi á möguleika á því að sleppa við að taka lokaprófið ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- Ná meðaltalinu 7 úr öllum lotuprófum
- Skila öllum verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Lokaеinkunnin í áfanganum reiknast þá út frá meðaleinkunninni úr lotunum þremur. Í lotuprófum er einungis leyfilegt að notast við formúlur sem fylgja með prófunum. Gerð er krafa um að nemendur vandi vel frágang í vinnubókinni, lotuprófunum og í verkefnunum og sýni ávallt útreikninga í öllum dæmum.

Þeir nemendur sem ekki ná að uppfylla þessi skilyrði taka lokapróf úr öllu efni annarinnar sem gildir 70% á móti 30% vægi annareinkunnar. Þá þarf að fá lágmarkseinkunnina 4,5 í lokaprófinu og lokaеinkunnina 4,5 í áfanganum þegar vægi annareinkunnar hefur reiknast með.

Annareinkunn getur ekki hækkað lokaеinkunn nemandans upp fyrir einkunnina 4 nái hann ekki 4,5 í einkunn á lokaprófinu.

Yfirferðaráætlun:

Kaflar	Efni	Tími
Ljósrit #1...Jöfnur (Helmut H.)		34. Vika
Kafli 1 ...Mengi		34.-35.vika
Kafli 2... Ójöfnur (bls.23-31)		35.-36. vika
Kafli 3... Færslur og algildi (bls.33-45)		37.- 38. vika

Lotupróf 1

Kafli 4... Annars stigs jöfnur (bls.47-72)	39.- 42. vika
Ljósrit#3... (jöfnuhneppi)	43. vika

Lotupróf 2

Kafli 5...Fleygbogar (bls.73-98)	44.- 45. vika
Kafli 6...Margliður af hærra stigi (bls.101-122)	46.-47. Vika

Lotupróf 3

Kafli 7...Ójöfnur af hærra stigi (bls.123-130)	48. Vika
Upprifjun fyrir lokaprófið	49. vika

Athugasemdir og skýringar:

Meira en 10 mín. fjarvera úr kennslustund jafngildir F skv. mætingareglum skólans.
Ef nemandi veldur truflun þá er kennara heimilt að vísa honum úr tíma og skrá fjarvist á hann.

**Notkun á snjallsínum og fartölvum er bönnuð í tímum nema með leyfi kennara og
getur brot á þessu leitt til brottvikningar nemandans úr tíma og fyrirgert rétti hans
að sleppa við lokaprófið.**

Áætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

16.ágúst 2023

Renata Lis

Ægir Sigurðsson